

Málverkaeftirprentanir HELGAPELLS



Guðmundur Thorsteinsson, „Muggur“:
Sjöundi dagur í Paradís

munu gerbreyta íslenskum heimilum á næstu árum, móta æskuna og fegra líf hennar. Prentuð verða mörg fegurstu málverk þjóðarinnar. — Þegar eru til myndir eftir Ásgrím: Hjaltastaðabláin, Blóm; Jón Stefánsson: Stóðhestar, Sumarnótt og Dagrenning við Hornbjarg; Kjarval: Þingvellir, Íslands lag, Það er gaman að lifa; Þorvald Skúlason: Afstraktmálverk, Telpur í boltaleik; Engilberts: Vífilfell; Svavar: Leysing; Þórarinn Þorláksson: Hekla; Muggur: Sjöundi dagur í Paradís; Kristján Davíðsson: Áning; Scheving: Gamla búðin og Matarhlé; Ásgerður Búadóttir: Kona með fugl. Sendum hvert á land sem er og hvert í heiminum sem er. Tökum ábyrgð á að koma sendingum óskemmdum til móttakenda.

HELGAPELL

Unuhúsi - Sími 16837

PÓSTURINN

Til Vikunnar:

Viltu segja mér hverjum Herdís Þorvaldsdóttir er gift? Mundi það þykja ókurteisi ef ég sendi leikkonunni hundraðkrónaseðil til að skrifa nafnið sitt á? Ef það gengi, var ég jafnvel að hugsa um að koma mér upp safni með slíkum eiginhandaráritunum leikara (íslenzkra).

Dolly.

SVAR: Herdís Þorvaldsdóttir er gift Gunnlaugi Þórðarsyni, lögfræðingi, frkvstj. RKL. Ég er viss um að leikkonan mundi árita fyrir þig hundraðkallinn. Það er ekki svo vitlaus hugmynd að koma upp slíku safni, fyrst þú hefur nóg peninga til þess.

—O—

Kæra Vika:

Geturðu sagt mér hvort Borgarblaðið er hætt að koma út?

M. S.

SVAR: Reyndu að skrifa Borgarblaðinu og spyrja um það. Annars ku Vísir hafa saumað líkklæði handa blaðinu.

—O—

Kæra Vika:

Ég er nýfarin að kaupa þig og les alltaf með áhuga bréfaþóstin. Í fyrstu var ég dálítið hissa á þessu fólki sem leitar til þín með vandamál sín, en nú er svo komið að ég verð að snúa mér til þín með eitt efni.

Pabbi og mamma voru búin að vera gift í 20 ár, ég var orðin 17 ára og búin með skólann, farin að vinna. Þá skildu þau eftir mikið stríð, mamma gaf pabba það að sök að hann hefði verið sér ótrú. Ég veit að þetta er ekki satt og pabbi hefur tekið þetta sér svo nærri að hann er ekki mönnum sinnandi, hann er farinn að drekka úr hófi og nýlega varð hann að hætta vinnu sökum þess og var þó búinn að vinna á sama stað í 10 ár.

Ég hef nokkrum sinnum talað við mömmu um þetta en hún er alveg köld fyrir því, býr nú ein í íbúðinni en pabbi leigir sér herbergi út í bæ og ég bý hjá frændfólki mínu. Ég er alveg í öngum mínum út af þessu, ég þrái heimilislíf og get ekki verið svona ein og þar við bætist að ég á fáa vini sem ég get leitað til. Geturðu ráðlagt mér nokkuð?

A. S.

—O—

SVAR: Þetta er erfitt vandamál og örðugt úrlausnar. Það virðist svo að litlar líkur séu á því að þér takist að sætta foreldra þína fyrst móðir þín er svona föst fyrir og ákveðin. Þú ættir þó ekki að gefast upp fyrr en í fulla hnefana og reyna að leiða mömmu þinni fyrir sjónir að hún hefur pabba þinn fyrir rangri sök. En þú ættir líka að ræða ýtarlega við hann og fá að vita hvort nokkur fótur geti verið fyrir grunsemðum hennar. Misskilningur ef til vill. Það þarf meir en lítið til þess að hjón skilji eftir 20 ára hjónaband. Á þessu stigi málsins getum við ekki ráðlagt þér annað en vera vongóð og biða.

—O—

Vika mín,

Hvað þarf maður að vera háttsettur í þjóðfélaginu til að komast í aldarspegilinn?

Böðvar M.

SVAR: Maður þarf að sjást í spegli.

—O—

Til Vikunnar, Reykjavík:

Við hér úti á landi vildum gjarnan fá meira af þjóðlegu efni. Er nokkuð slíkt í bigerð hjá ykkur?

Sveitakona.

SVAR: Öll þjóðleg list er slæm. Öll góð list er þjóðleg, sagði einhver spekingur. Þetta mætti kannski heimfæra upp á efnið í blaðinu. Við get-

VIKAN